



Kjarval

VERK ÚR SAFNI JÓNS ÞORSTEINSSONAR OG EYRÚNAR GUÐMUNDSDÓTTUR

LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
KJARVALSSTAÐIR

MAÍ - ÁGÚST 1992

Allt frá aldaöldli hefur listin fylgt manninum. Hún hefur þó á hverjum tíma gegnt ólíku hlutverki og birst í endurnýjuðu formi. Í gegnum tíðina hafa einstaklingar haft ánægju af fögrum hlutum og lagt metnað sinn í að koma upp ríkulegum einkasöfnum, þó svo það sé ekki fyrir en á 18. öld sem við getum talað um listasöfn í nútímalegum skilningi.

Vitað er að langt á undan evrópskum þjóðum lögðu kínverskir höfðingjar stund á listverkasöfnun líkt og sjá má af hinum konunglegu fjársjóðum í Kína. Á Vesturlöndum er það fyrst í Grikklandi á hellenískum tíma sem einstaklingar í einhverjum mæli leggja sérstaka rækt við söfnun listmuna. Frægt var málverkasafn Attalusar II konungs af Pergamum, sem andaðist 158 f. Kr. Þessi iðja breiddist ennfremur til Rómarríks og varð almenn meðal höfðingja upp frá þeim tíma er Rómverjar hertóku grísku borgina Syracuse á Sikiley árið 212 f. Kr. Rómverskir auðmenn og höfðingjar lögðu sig einkum fram við að eignast gríska listmuni og kærðu sig kollótta um það eftir hvaða leiðum fengurinn komst í safn þeirra. Og skipti þá einu hvort um frummyndir var að ræða eða eftirmyndir. Þá fengu herstjórar, sem unnið höfðu glæsta sigra, oft listaverk í viðurkenningarskýni. Nafnkunnir Rómverjar líkt og Kládíus fyrsti keisari, Pompeius herforingi, Júlíus Sesar, Neró og Hadrianus áttu svo stórfengleg söfn listaverka að mörgum samtíma mönnum þeirra þótti nóg um og hörmuðu að öll þessi fögru listaverk væru falin almenningi í luktum einkasöfnum og mæltu með því að þeim yrði komið fyrir á torgum úti.

Á miðöldum var kirkjan orðin stórtækust í söfnun listmuna, sem oftast nær tengdust á einn eða annan hátt kristinni trú. Og kirkjunnar menn létu sér ekki nægja málverk og höggmyndir, heldur söfnuðu þeir ennfremur handritum, fágætum steinum, heilögum menjum og alls kyns náttúrulegum fyrirbærum. Klaustrin urðu í raun geymslustaðir fyrir ómetanlega fjársjóði "guði til dýrðar" líkt og ábótinn Suger frá St. Denis klaustrinu orðaði það sjálfum sér og kirkjunni til réttlætningar, því að mörgum var farið að ofbjóða veraldarvafstur kirkjunnar á þeim tíma.

Þegar líður að endurreisnartímanum breytast nokkuð viðhorf safnara til listhlutarins. Þeir leggja nú aukna áherslu á að eignast fornklassísk verk, sem á þeim tíma eru að verða hin eina sanna viðmiðun fyrir fullkomleik listaverksins, jafnframt því sem þeir kaupa verk eftir þekktu samtímalistamenn, en það er einmitt á þessum tíma sem höfundarnir koma fram í dagsljósið og byrja að árita verk sín. Konungar og auðmenn leggja inn stórar pantanir hjá hlutaðeigandi listmönnum, sem öðlast frægð og frama langt út fyrir heimalönd sín. Er gjarnan talað um safnara þess tíma sem eins konar fyrirrennara nútíma listaverkasafnarans.

Á 17. öld var mikill uppgangur á listaverkamarkaðinum. Þjóðhöfðingjar í Evrópu lögðu sig fram um að eignast sem stórfenglegust listaverk og voru söfnin oft tákn fyrir völd þeirra og auð.

Á 18. öld er listaverkasöfnun einnig orðin algeng meðal borgarastéttarinnar — fésýslumanna og iðnjöfra — sem komu með enn nýjar söfnunarhugmyndir. Þeir byrja að safna einstaka myndgerðum t. d. teikningum og grafíkverkum, sem lengi vel töldust óæðri listgreinar. Þá verður söfnunin oft á þessum tíma markvissari og snýst oft á tíðum einungis um ákveðin myndefni líkt og uppstillingar og andlitsmyndir. Listaverkaverslun dafnaði vel á þessum tíma og þá sérstaklega í London, en þar opnuðu einmitt Christie's og Sotheby fyrstu gallerí sín á seinni hluta aldarinnar. Með þessari auknu og almennu listverkasöfnun einstaklinga verður ennfremur til ákveðin miðlun milli safnara. Farið er að gefa út upplýsingarit um einkasöfn og eftirmyndir af þekktum listaverkum fara víða um Evrópu. Farið er að skrá og flokka söfnin og eru vinnubrögðin þá þegar orðin fagleg. Í byrjun aldarinnar gaf þýski listaverkasalinn N. C. Neickel t.d. út bókina *Museographia*, sem er fyrsta rit sinnar tegundar um flokkunaraðferðir og forvörslu listaverka, en síðar á öldinni opnuðu menn sérstök viðgerðarverkstæði í Napólí, Feneyjum, Bologna, París og Dresden.

Með vaxandi kröfum á 18. öld um aukið frelsi og lýðræði kom enn og aftur upp á yfirborðið umræðan um aðgang almennings að þessum menningarverðmætum sem hvíldu í hinum ýmsu einkasöfnum. Þetta var m. a. til þess að Anna Maria Ludovica af Medici ættinni gaf listaverkasafn ættarinnar til "alþýðunnar í Toscana-héraði" árið 1745. Um svipað leyti opnaði keisaraynjan í Vín, María Theresa, safn sitt almenningi. Og um 1750 sá franskur konungurinn Lúdvík fimmtándi sér ekki annað fært en að hafa listaverkaeign sína fólki til sýnis í Lúxembúrgarkastalanum í París tvisvar í viku. Og eftir frönsku stjórnarbyltinguna árið 1789 var einkasafn konungs gert upptækt og afhent ríkinu. Ríkislistasöfnin voru í þann mund að koma fram á sjónarsviðið, en Louvresafnið í París var opnað árið 1793, fyrst safna í Evrópu.

Þrátt fyrir að margir hafi viljað spá endalokum einkasafnanna með tilkomu umfangsmikilla og öflugra ríkissafna víðs vegar í Evrópu á 19. öld varð reyndin önnur. Einkasöfnin áttu eftir að hafa afgerandi hlutverk í listasögunni andspænis "opinberum og stöðluðum smekk" afturhaldssamra ríkislistasafna og akademía. Framsækin list þess tíma — impressionismi, expressionismi, kúbismi og s. frv. — fór ekki í gegnum þessar stofnanir heldur voru það einstaklingar, safnarar, sem kunnu að meta frumleika þessa verka

og þá nýju sýn sem þar birtist. Það var því oft ekki fyrr en hlutaðeigandi listamenn höfðu öðlast almenna viðurkenningu að ríkislistasöfnin rönkuðu við sér. Eitt besta dæmið í listsögu 19. aldar er vafalítið gjöf franska listmálarans Gustave Caillebotte til franska ríkisins eftir sinn dag á verkum eftir alla helstu impressionistana. Árið 1876 ákvað Caillebotte að arfleiða franska ríkið að stórum hluta af einkasafni sínu eða alls 67 málverkum, með þeim skilmálum að verkin "yrðu ekki geymd ofan í kjallara eða komið fyrir út á landi", heldur höfð til sýnis í virtu safni í París. Árið 1895 þegar kom að framkvæmd erfðaskrárinnar, reyndu frönsk yfirvöld allt hvað af tók að losna undan þessum skilmálum. Og málaok urðu þau að franska ríkið samþykkti að taka til varðveislu 58 af hinum 67 listaverkum. Forsvarsmönnum franska listasafna — og reyndar fleiri safnstjórum í Evrópu — sortnar enn fyrir augum þegar þetta mál er rifjað upp!

Í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar voru einkasafnarar vissulega leiðandi í stuðningi sínum við nýlistina. Það voru þeir sem fyrstir studdu og vörðu þá listamenn, sem hvað ákafastir voru í því að umbreyta listhugtakinu og skapa nýja og frumlega sýn á veruleikann. Þeir áttu því sinn þátt í því að endurmeta "opinberar" hugmyndir um hvað væri list.

Hér á landi hefur lítið verið fjallað um listaverkasafnara og tengsl þeirra við listheiminn. Við þekkjum opinberu listasöfnin, listaskólana og gagnrýnendurna, en við höfum átt í erfiðleikum með að setja safnarana inn í þetta sambengi og fæstir hafa gert sér grein fyrir hlutverki þeirra og ábyrgð í listasögunni.

Íslendingar hafa átt marga góða listaverkasafnara. Þekktastir þeirra eru vafalítið Ragnar í Smára, Ragnar Ásgeirsson, Kristján Jónsson, Sverrir Sigurðsson, Þorvaldur Guðmundsson og Jón Þorsteinsson íþróttافرömuður og kona hans frú Eyrún Guðmundsdóttir. Öll hafa þau notið vináttu listamanna og virðingar þeirra og hafa styrkt marga þeirra dyggilega.

Að þessu sinni höfum við hér að Kjarvalsstöðum valið að bregða ljósi á úrval verka eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval úr safni Jóns Þorsteinssonar og frú Eyrúnar Guðmundsdóttur. Þetta eru verk, sem eru í eigu fjölskyldunnar, en jafnframt því eru sýndar þær myndir sem þau hjónin, og síðar Eyrún að Jóni látnum, hafa í gegnum tíðina gefið Reykjavíkurborg-Kjarvalssafni og Listasafni Íslands.

Jón Þorsteinsson kynntist Kjarval þegar árið 1924 þegar listamaðurinn sótti leikfímistíma hjá Jóni í Austurstræti, en þar hafði Jón aðstöðu fyrir leikfímikennslu, þar til hann reisti íþróttahúsið við Lindargötu. Tókst með þeim mikill vinskapur sem varði alla tíð meðan báðir lifðu. Jón og Eyrún voru Kjarval einkar hjálpleg líkt og sést best á því að listamaðurinn fékk vinnuástöðu heil 20 sumur í íþróttasal Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu á árunum 1942 til 1962 auk þess sem hann hélt þar sýningu árið 1942 áður en

Listamannaskálinn kom til. Þá var Kjarval búsettur hjá þeim hjónum á árunum 1945-1947.

Það var árið 1957 sem Jón og Eyrún eignuðust fyrsta málverkið eftir Kjarval og var það upphafið að stórfenglegu og ómetanlegu listasafni þeirra hjóna. Þetta safn Kjarvalsmýnda er einstaklega vel samsett og hver mynd greinilega valin af óvenjulegu innsæi og persónulegri skoðun. Við tökum sérstaklega eftir óhlutlægum verkum og myndum þar sem figúrunar eru samofnar landinu, myndum sem á síðastliðnum árum hafa notið sérstakrar athygli sérfræðinga og listunnenda. Þetta eru í flestum tilfellum hágæða verk, — myndrænt veluppbyggð og útfærð, — og eru þau góður vitnisburður um einkar frumlega sýn þeirra hjóna á frumlega list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals.

Söfnun listaverka er ástríðubundin iðja. Safnarinn finnur listaverk, hrífst, verður ástfangin af verkinu og getur ekki sagt skilið við það. Þetta ástand endurtekur sig í sífellu.

Hlutverk safnarans í vestrænu menningarsamfélagi er margþætt. Hann skráir listasöguna á sinn hátt, velur og hafnar og tekur afstöðu. Hann er líkt og listamaðurinn engum háður. Það er persónulegur smekkur hans sem ræður ferðinni. Þess vegna eru einkasöfnin oft á tíðum mun heilsteyptari en gengur og gerist í hinum opinberu listasöfnum þar sem koma fram ólík sjónarmið sem oft þarf að sætta. Það hefur ennfremur sýnt sig að safnarar geta leyft sér meiri dirfsku gagnvart þeirri list sem er að brjótast fram á hverjum tíma. Þeir standa því oft nær framsöknum listamönnum, taka þátt í uppgötvunum þeirra og milli þeirra myndast oft fágætt trúnaðarsamband og djúpur skilningur. Styrkur safnarans — fjárhagslegur og móralskur — getur því verið afgerandi.

Söfn einstaklinga hafa á öllum tímum verið almenningi til sýnis og á þann hátt hafa þau haft umtalsverð áhrif á menningar- og listrænt mat og gildi listaverka. Og það sem meira er, frá slíkum einkasöfnum er upphaflega kominn stór hluti opinberra safna, sem eru líkt og órjúfanlegur hluti af menningu hlutaðeigandi þjóða og sem oft virðast endurspegla/virka líkt og ákveðin náttúrulögmál. (Höfum aðeins í huga listaverkagjafir Ragnars í Smára til Listasafns A.S.Í. og Reykjavíkurborgar, gjöf Sverris Sigurðssonar til Listasafns Háskólans og listaverkagjafir Jóns Þorsteinssonar og Eyrúnar Guðmundsdóttur til Kjarvalssafns). Það er því ekki ofsögum sagt að í gegnum aldirnar hefur smekkur og mat fæeinna einstaklinga oft haft mótandi áhrif á skoðun almennings á listrænum menningarverðmætum. Smekkur þeirra hefur orðið nánast algild viðmiðun. Því getum við sagt að safnarinn skapi. Hann uppgötvar, velur og raðar saman myndum í safn listaverka. Hann er í raun listamaður og safn hans er sjálf listaverk.

Gunnar B. Kvaran.



SYSTURNAR Á STAPA

100 x 158 cm

olla á pappir



**BÓNORDID**

95 x 82 cm  
olia à striga



SÓLPOKA

72 x 98 cm  
ólía á striga



LISTAHAÐÍÐ Í REYKJAVÍK 1992